

ALDASKIPTAMÁL

Í sambandi við lestur snilldarbókar

I

Mér þótti gaman að sjá bók Gísla Halldórssonar verkfæðings „Á ferð og flugi“. Annar mikill gáfumaður, St. G. St., hefir, eins og kunnugt er, einnig notað þessa fyrirsögn, en þarna á hún ennþá betur við, og ekki einungis af því, að sagt er frá raunverulegu flugi. Bókin segir einnig af miklu hugarflugi, og lýsir miklum hæfileikum til að segja frá, þó að hinsvegar megi sjá nokkur merki þess, að ritlistin er ekki aðalíþrótt höfundarins, eins og ekki er heldur við að búast. Bókin hefst þannig: „Myrkrið er að skella á“. Og aðeins af því að þetta eru fyrstu orðin, og þó að vísu um mjög algenga villu að ræða, ætla ég að gera þarna dálitla athugasemd. Myrkrið *skellur* ekki á, jafnvel ekki í hitabeltinu, þar sem sólin fer þó svo miklu hraðar yfir himininn og er því — þó að fleira komi þar einnig til greina — svo miklu fljótari að komast langt niður fyrir sjónhring, en hér hjá oss, og jafnvel þó að í Berlín sé; en þaðan er sagan. Myrkrið dettur á. Þegar ég fletti svo upp bókinni til að lesa þá ritgerðina, sem ég fyrirfram tel víst að mér muni þykja merkilegust — eins og líka reyndist — en hún er um drauma, þá er fyrsta orðið, sem ég lít á, „hárrétt“; en rétta mynd orðsins er „há-rétt“, og finnst mér sem a. m. k. þeir sem miklir gáfumenn eru, ættu að geta haft þetta hárétt. (Hárétt = alveg rétt; „hár“ sama sem keipur). Skrifa ég svo ekki meira um málið á þessari snjöllu bók.

Greinin um drauma er stórfróðleg, jafnvel ennþá betri en ég hafði búist við. Mér virðist það svo gáfulegt, að höfundurinn virðist hafa gefið nokkuð rækilega gaum að því, sem ég hefi skrifað um eðli draumlífsins. Því að það er áreiðan-

legt, að ef um mjög merkilegar nýjar uppgötvanir er að ræða, þá eru það í fyrstu ekki aðrir en mjög miklir gáfumenn, sem gefa því nokkurn verulegan gaum, sem um þær er ritað.

G. H. getur þess, að ég hefi bent á, að draumurinn er ekki fyrst og fremst hugsun. Fjarskynjun kemur þar til greina, fyrst og fremst. Það er hrein og bein fáfræði að neita því, að fjarskynjun geti átt sér stað. Ég hefi hérna úrkippu úr Stokkhólmsblaðinu „Dagens Nyheter“, þar sem fréttaritari blaðsins vestur þar segir frá nokkurskonar Njáli þar í Bandaríkjunum (Bridgeport, Mass. U. S. A.), sem heitir Louis G. Wastling og er sonur sáenskra foreldra. Maður þessi er um sextugt, en var uppgötvaður sem fjarskynjandi fyrir 10 árum, því að þá var hann, eina nótt, eins og sjónarvottur að morði. Hann „sá“ þetta svo greinilega, að morguninn eftir gat hann skrifat nákvæma lýsingu á því, hvernig morðið fór fram, og hafði hann tekið svo vel eftir morðingjanum, að það dugði lögreglunni til að hafa upp á honum. Því miður hafa mér tapast nokkrar línur aftan af smágrein þeirri, sem af þessu segir, en sennilega man ég það rétt, að löggreglan hafi, eftir þetta, tekið hinn skyggnamann í sína þjónustu.

En í draumum er þó ekki um einfalda fjarskoðun að ræða. G. H. segir réttilega: „En venjulega gerirðu (í draumi) meira heldur en að sjá og horfa á þessa atburði. Þú tekur þátt í þeim. Þú verður ekki ofsalega hræddur þó að þú horfir á stórslys á strigatjaldinu. En í svefninum geturðu nærrí lamast af hræðslu. Ég hefi (í draumi),“ segir G. H., „horft á ægilegar loftorrustur, og virt fyrir mér einstök atriði þeirra með óhugnanlegum skýrleik. Og ég hefi hlaupið eftir mannlausum, rökkvuðum hverfum Berlínarborgar, rétt undir það að loftáras var að hefjast, með nagandi kvíða, leitandi neðanjarðarskýlis. Og ég hefi komið sem ferðamaður í mjög einkennilegan verksmiðjubæ, hvers lika ég hefi aldrei séð í vöku. Stórkostlegir geymar uppi á öllum húsaþökum og turnum! Þeir vöktu undrun mína. Og við götuna sem ég gekk eftir, úti undir berum himni, voru járniðnaðar-

menn að vinna við risavaxnar vélar. Ég man það eins og ég hefði horft á það í vöku, að inn í eina af þessum vélum var stungið þykkum járnplötum, sem vélín þreif og falsaði saman með nokkrum einkennilegum en einföldum hreyfingum, þannig, að samskeyti mynduðust. Ég þóttist sjá, að þetta væri ný og afarmerkileg aðferð, sem ég þyrfti nauðsynlega að læra og hagnýta í heimalandi mínu. Reyndi ég því í draumnum af öllum mætti að setja aðferðina á mig.“

Þeir, sem eru þarna að vinna, eru vinsamlegir og leiðbeina Gísla. En þegar hann vaknar, er honum „ómögulegt að muna hvernig bannsett samskeytin á plöturnar voru gerð“.

Mjög líkan draum þessum sagði mér annar tiltakanlega mikill gáfumaður, Gísli heitinn Guðmundsson, gerla- og efnafræðingur. Einnig hann hafði mikinn hug á því í svefninum að muna sem best eftir furðulegum vélum, sem hann var að dreyma, og þóttist í draumnum glöggt skilja; en þegar hann vaknaði, var honum ómögulegt að rifja þetta upp.

„Hver var maðurinn, sem var að skoða hið einkennilega verksmiðjuhverfi?“ — spyr G. H. — „og hvar var þetta verksmiðjuhverfi? Og var það ekki þessi ferðamaður sem sendi frá sér geimbylgjurnar, sem ég af tilviljun hafði stillt viðtækið fyrir og tók á móti?“

Þessu má svara þannig: Maðurinn sem var að skoða verksmiðjuhverfið, þ. e. draumgjafi Gísla Halldórssonar, hefir vafalítið verið íbúi annarrar jarðstjörnu, þar sem er mannkyn líkt voru, en nokkru lengra komið, í iðnfræðum. Og að tala um „geimbylgjur“ í þessu sambandi, er villandi; réttara væri að kalla lífgeislan eða heilageislan; og einnig er villandi að tala í þessu sambandi um viðtæki sem G. H. hafi sjálfur stillt. Þarna kemur til greina hið svo afararándi stillilögðmál. G. H. umgengst mjög þá menn, vélamenn og verkfræðinga, sem á tilteknu svæði, einkum, hugsa mjög skýrt, og sem jafnframt, a. m. k. sumir, vita, að G. H. er mikill gáfumaður og áhugamaður um verkfræðilegar framfarir. Án stilliáhrifa frá slíkum, mundi hugarfar Gísla sjálfs ekki hafa dugað honum til að dreyma þennan verksmiðju-draum; en hinsvegar er óhætt að segja, að hefðu stilliáhrifin

verið ennþá betri, mundi slíkur draumur hafa orðið honum nægileg hjálp til að koma með merkilega verkfræðilega nýungr.

Þýðing stilliáhrifanna kemur tiltakanlega ljóst og skemmtilega fram í þætti af Stjörnu-Odda, sem ég hefi ritað um í Sannýal, s. 175—80. Oddi var einn merkasti stjörnu-fræðingur síns tíma, og einn af allramhestu fræðimönnum íslenskum, en tekið fram, að hann hafi ekki verið „skáld né kvæðinn“. En þegar hann er svo gestur á bæ, þar sem fólkvið er fegið komu hans, og býst við hann muni segja eitthvað til að skemmta, þá dreymir hann slíkt, sem er í nánasta samræmi við það sem fólkvið taldi besta skemmtun, — en það var vitanlega sögur og kvæði — en í algerðu ósamræmi við hans eigið hugarfar og áhugaefni.

II

„Einn góðan veðurdag rís upp nýr Edison,“ segir G. H. (s. 168). Hvort svo verður, skal ég láta alveg ósagt. En það er víst, að oss er ekki nein þörf á slíkum manni, að svo stöddu. Það sem þarf til að koma þessu máli í rétt horf, hefir þegar verið gert. Og það sem nú er mest þörfin á er, að það sem þegar hefir verið fundið, sé þegið og undir það tekið. Draumarnir eru fyrst og fremst árangur af lífsambandi milli jarðstjarna alheimsins. Þeir sýna oss alveg ótvíræðlega, að jafnvel órafjarlægðir himingeimsins geta ekki komið í veg fyrir slíkt samband. Það sem nú ríður á, er að fullkomna það samband; og þar er þekkingin á stillilögmalinu undirstöðuatriði. En þekkingin á lífsambandi því, sem þegar á sér stað, þótt ófullkomið sé, getur verið oss hjálp til að skilja tilgang lífsins, a. m. k. nægilega langt, að svo stöddu. En tilgangurinn er að skapa fullkominn heim, og það getur ekki orðið, ef ekki tækist fullkominn samstilling og samhæfing lífsins í alheimi. Og augljóst er þá, hvílík nauðsyn muni vera á samstilltu, samtaka mannkyni, í slíku heimkynni lífsins sem jörð vor er. En þegar sá skilningur er fenginn, verða styrjaldir úr sögunni. Menn munu þá skilja, að hinn ágæti sánski jarðfræðingur, dr. Joh. Gunnar

Andersson, hefir fullkomlega rétt fyrir sér, þegar hann heldur því fram, að það mannkyn, sem ekki getur vaxið frá styrjöldum, sé dauðadæmt sem líftegund.

III

Grein G. H. um aldamótin 2000 er mjög skemmtileg og sýnir bæði hinn snjalla verkfræðing og hugvitsmann, og einnig hæfileika, sem benda til þess, að höfundurinn mundi geta skrifað skemmtilega skáldsögu, ef hann legði sig til. Það er merkileg mynd sem hann bregður upp af Íslandi aldamótanna, en þó má með vissu segja, að í verulegum atriðum er sú mynd ekki rétt. Muna verður eftir því, að mannkynið er á vegi til glötunar. Og með vissu má segja það fyrir, að ef ekki verður róttæk breyting hér á jörðu, svo rót-tæk, að horfið sé frá helstefnunni, þá kemur þriðja heims-styrjöldin og það sennilega eigi allskömmu fyrir aldamót. Og samkvæmt lögmáli hinnar vaxandi hættu, má segja það fyrir, að sú styrjöld mun gera ennþá meiri usla en þessi síðasta. Um aldamótin næstu verður þá lýðveldið Ísland úr sögunni, og Reykjavík og Keflavík verða þá ekki framfara-bærir, heldur, ásamt fleirum, gersamlega í rústum.

En ef hin mikla stefnubreyting tekst, og mannkynið kemst á braut hinna sönnu framfara, þá verður Ísland aldamót-anna samt talsvert öðruvísi en G. H. gerir ráð fyrir. Það verða t. a. m. engar fiskiveiðar stundaðar, og heldur ekki sauðfjárrækt; því að engum manni mun þá koma til hugar, að láta neitt sem er úr dýraríkinu, inn fyrir sínar varir. Menn munu þá hafa fundið aðrar aðferðir og betri en nú, til að hressa sig og næra. Gróðurrækt mun þá verða mikill atvinnuvegur Íslendinga, að ógleymdum iðnaðinum. En aðalundirstaðan undir velmegun þjóðarinnar í þessu farsæla landi, sem Ísland þá er orðið, verður þó risna og fræðsla, í sambandi við hið mesta áhugamál mannkynsins, sem þá verður, sambandið við stjörnurnar. Og engan mun furða, þó að þar sé það mál, sem aldamótamannkynið mun telja merkilegast allra, þegar þess er gætt, að þá munu allir vita hvað það mál þýðir. Allir munu þá vita, að nægilegar fram-

farir í því sambandsmáli verða sama sem sigur á elli og dauða. Mennirnir munu þá komast á leiðina til að verða guðir, þ. e. mannkyn, sem hefir farið svo fram að viti og orku, að það getur tekið í sínar hendur stjórn náttúruaflanna á sínum hnetti. Hjá slíku mannkyni, sem raunar er ekki rétt að nefna svo, heldur goðkyn, verður enginn sem ekki hefir gjörvuleika til að taka þátt í því glæsilega lífi sem lifað er í slíkum stöðum. En á slíku lífi verður munurinn frá mannlífi vorra daga miklu meiri en sá sem nú er á lífi mannkyns vors og lífi apanna. Og verður þó einnig sá miklu munur, að frá apalífi til mannlífs hefir hér á jörðu engan-veginn verið um eindregna framför að ræða; því að svo er aldrei á jörð helstefnulífs. En afturámóti alltaf þar sem líf-stefnan er komin til valda. Breytingin frá lífi mannkyns til goðkynjaðs lífs er í alla staði eindregin framför. Apar geta orðið að mönnum á helstefnujörð; en mennirnir að guðum, einungis þar sem helstefnan hefir sigruð verið. Api getur aldrei þjáðst og örvaent eins og maður. En á guðnum getur þjáning eða örvaenting aldrei náð tökum. Til þess er lífsafl guðsins orðið of mikið, og lífsambandið milli þeirra, sem því nafni má nefna, of traust. Nokkurt veður af þessum líf-fræðilegu — og með nokkrum nýjum hætti — guðfræðilegu sannindum, höfum vér í því sem segir af megingjörðum Þórs. Lífsamband það, sem táknað er með orðinu megin-gjarðir, var ekki einungis þannig, að Þór gat sótt afl til guðanna hinna, þegar mjög reyndi á hann, heldur einnig á hinn veginn, að guðirnir hinir gátu kallað á Þór, og orðið afls hans aðnjótandi, þegar þeim þótti mikið við liggja.